



# UPPLÝSINGARIT

## SEÐLABANKA ÍSLANDS

Nr. 2

### Erlend verðbréfaeign innlendra aðila í árslok 2011

*Alþjóðleg könnun á landaskiptingu erlendrar verðbréfaeignar hefur verið framkvæmd að frumkvæði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins árlega frá árinu 2001. Meginmarkmið könnunarinnar er að bæta upplýsingar um verðbréfafjárfestingu milli landa en um 75 lönd taka þátt í henni. Könnunin er hluti af gagnaöflun fyrir eignahlutann í erlendri stöðu þjóðarbúsins.*

Útgefandi:

Sedlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600, símbref: 569 9605

Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is

Veffang: www.sedlabanki.is

Ritstjórn:

Gerður Ísberg

Harpa Jónsdóttir

Rannveig Sigurðardóttir

Tómas Örn Kristinsson

2. rit ágúst 2012

Vefrit

ISSN 2251-5682

Öllum er frjálst að nota efni úr *Upplýsingaritinu* en þess er óskað að getið sé heimildar.

**Merking tákna:**

- \* Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

## Erlend verðbréfaeign innlendra aðila árið 2011

Erlend verðbréfaeign innlendra aðila í lok árs 2011 nam 922 ma.kr. og jókst um 125,5 ma.kr. frá árinu á undan. Eign í skuldaskjölum nam 349,6 ma.kr. í árslok 2011 sem er aukning um 117,2 ma.kr. frá árinu 2010. Aukningu eignar í skuldaskjölum má rekja að miklu leyti til fjárfestingar innlánsstofnanna í slitameðferð sem juku eignir sínar í skuldaskjölum um 79,2 ma.kr. milli árunna. Verðbréfaeign innlendra aðila í Lúxemborg dregst saman þriðja árið í röð og er komin niður í 99,8 ma.kr. sem er rúmlega þriðjungur af verðbréfaeign þar árið 2008. Lífeyrissjóðir eru enn stærstu fjárfestarnir þrátt fyrir mikinn vöxt í erlendum eignum innlánsstofnana og innlánsstofnana í slitameðferð. Bandaríkjadalur er enn stærsti útgáfugjaldmiðill erlendra verðbréfa og flest erlend verðbréf í eigu innlendra aðila eru gefin út í Bandaríkjunum.

Alþjóðleg könnun á landaskiptingu erlendra verðbréfaeignar hefur verið framkvæmd að frumkvæði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins árlega frá árinu 2001.<sup>1</sup> Meginmarkmið könnunarinnar er að bæta upplýsingar um verðbréfafjárfestingu milli landa en um 75 lönd taka þátt í henni. Könnunin er hluti af gagnaöflun fyrir eignahlutann í erlendri stöðu þjóðarbúsins. Hér fyrir neðan er fjallað um helstu niðurstöður könnunarinnar á erlendri verðbréfaeign Íslands í lok árs 2011. Einnig er borin saman þróun erlendra verðbréfaeignar milli ára. Innlendir fjárfestar eru flokkaðir eftir atvinnugeirum. Verðbréfaeigninni er skipt upp í hlutfé (hlutabréf og hlutdeildarskírteini) og skuldaskjöl (langtíma- og skammtímaskuldaskjöl). Jafnframt er heildareign í hverjum verðbréfaeignarflokki skipt eftir útgáfugjaldmiðli bréfa.


### Erlend verðbréfaeign í lok árs 2011

#### Aukning erlendra verðbréfaeignar

Erlend hlutfjáreign jókst um 8,3 ma.kr. og skuldaskjöl jukust um 117,2 ma.kr. milli árunna 2010 og 2011. Vægi hlutfjár í erlendri verðbréfaeign innlendra aðila lækkaði úr 71% árið 2010 í 62% árið 2011. Um 48% af erlendri verðbréfaeign voru í Bandaríkjadal en um 32% í evrum. Lífeyrissjóðirnir áttu um 51% af erlendum verðbréfum árið 2011 en árið 2010 var hlutdeild þeirra um 59%. Þrátt fyrir lækku hlutdeildar hafa eignir þeirra vaxið milli árunna. Eign innlendra aðila í erlendum skammtímaskuldaskjölum hélt áfram að aukast og í árslok 2011 nam eignin 225,2 ma.kr.<sup>2</sup>

Gengi erlendra gjaldmiðla hækkaði um 4,4% gagnvart íslensku krónunni árið 2011.<sup>3</sup> Árið 2011 reyndist fjárfestum erfitt á hlutabréfamörkuðum, MSCI-hlutabréfavísitalan, fyrir þróuð ríki féll um 7,6% og S&P 1200-heimsvísitalan lækkaði um 8,2% á árinu.<sup>4</sup> Hlutabréfamarkaðir í Evrópu komu illa út, sérstaklega í Evrulöndunum, S&P Euro-vísitalan lækkaði um 17% árið 2011.<sup>5</sup> Bandaríski hlutabréfamarkaðurinn

Mynd 1  
Erlend verðbréfaeign innlendra aðila  
2001-2011



Heimild: Seðlabanki Íslands.

1. Enska heitið fyrir þessa könnun er Coordinated Portfolio Investment Survey (CPIS). Könnunin var fyrst gerð með árslokastöðu ársins 1997 og hefur verið framkvæmd árlega frá árinu 2001. Niðurstöður úr könnuninni í heild má finna á heimasíðu AGS: <http://www.imf.org/external/np/sta/pi/cpis.htm>
2. Skilgreiningar á verðbréfum og aðferðafræði er að finna í aftasta kafla.
3. Miðað er við vísitölu meðalgengis þröngrar viðskiptavogar. Reiknuð er breyting á milli upphafs- og lokastöðu árs.
4. S&P 1200-vísitalan er heimsvísitala sem nær yfir um 70% af fjármagnsmörkuðum heimsins.
5. S&P Euro-vísitalan endurspeglar hlutabréf á markaði í Evrópu, hún inniheldur meðal annars gögn frá löndum innan Myntbandalags Evrópu.

var sá eini í þróuðum ríkjum<sup>6</sup> sem hækkaði örlítið árið 2011 en S&P 500-vísitan hækkaði um 0,4% 2011.<sup>7</sup>

### Landaskipting erlendrar verðbréfaeignar innlendra aðila

Líkt og árið 2010 var mest af erlendri verðbréfaeign innlendra aðila árið 2011 staðsett í Bandaríkjunum eða sem nemur 27% af heildar- verðbréfaeign. Árið 2011 voru einungis um 11% af erlendri verðbréfaeign staðsett í Lúxemborg og hefur verðbréfaeign í landinu ekki verið lægri frá árslokum 2003. Undanfarin ár hefur fjárfesting í írskum verðbréfum og verðbréfum í Lúxemborg að mestu verið í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Margir verðbréfasjóðir eru skráðir í þessum löndum vegna hagstæðs umhverfis til fjárfestingar. Hins vegar geta slíkir sjóðir fjárfest um allan heim og endanleg verðbréfaeign er því sjaldnast í viðkomandi landi. Könnunin tekur einungis til upphaflegs lands fjárfestingar og því gæti sú mynd sem dregin er upp hér verið talsvert öðruvísi ef hún væri rakin til upprunalands.

Fyrstu 10 ár könnunarinnar deildu Lúxemborg og Bandaríkin efstu tveimur sætunum yfir þau lönd þar sem innlendir aðilar fjárfestu mest í erlendum verðbréfum. Nú féll Lúxemborg í þriðja sætið en Írland fór í annað sætið með tæp 12% af erlendri verðbréfaeign. Í töflu

Tafla 1 Landaskipting erlendrar verðbréfaeignar 2001-2011

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Samtals	203,7	151,0	261,1	372,8	703,7	1324,3	1903,5	1026,3	865,3	796,4	922,0
Bandaríkin	90,6	56,3	69,3	85,3	116,1	197,5	332,8	140,0	167,8	204,2	246,9
Írland	6,0	8,4	17,4	19,9	42,6	63,9	104,7	82,7	91,5	102,2	107,6
Lúxemborg	45,4	44,9	76,5	124,4	166,8	440,9	276,0	291,4	244,9	111,7	99,8
Bretland	34,8	15,4	37,3	55,1	71,9	128,7	212,4	99,5	80,1	82,6	98,0
Þýskaland	2,5	2,2	12,0	6,5	27,5	70,7	100,8	20,6	24,1	56,3	75,8
Holland	2,1	2,0	3,5	2,4	3,8	22,3	120,9	21,6	13,1	34,1	52,8
Noregur	0,9	0,3	0,7	6,2	37,1	79,2	88,8	60,6	51,6	39,4	51,5
Frakkland	3,3	3,0	5,6	16,0	28,4	38,7	43,9	27,4	25,9	41,1	42,1
Önnur lönd	18,1	18,5	38,8	57,0	209,5	282,5	623,3	282,5	166,3	124,9	147,5

Fjárhæðir eru í milljörðum króna.

Tafla 2 Landaskipting erlendrar verðbréfaeignar í árslok 2011

	Hlutabréf	Hlutdeildar- skírteini	Skammtíma- skuldaskjöl	Langtíma- skuldaskjöl	Samtals	Hlutfall %
Samtals	130,7	441,6	225,2	124,5	922,0	100
Bandaríkin	49,0	93,4	96,5	8,0	246,9	26,8
Írland	4,0	100,3	0,1	3,2	107,6	11,7
Lúxemborg	0,5	97,3	0,0	2,0	99,8	10,8
Bretland	21,5	38,5	7,9	30,2	98,0	10,6
Þýskaland	2,9	5,2	50,4	17,3	75,8	8,2
Holland	1,1	14,7	29,6	7,4	52,8	5,7
Noregur	8,6	7,9	2,4	32,5	51,5	5,6
Frakkland	2,1	17,2	22,1	0,6	42,1	4,6
Alþjóðastofnanir og önnur lönd	41,0	67,1	16,1	23,3	147,5	16,0

Fjárhæðir eru í milljörðum króna.

6. Skilgreining á því hvaða hlutabréfamarkaðir teljast til þróaðra ríkja er komin frá MSCI-vísitölunni fyrir þróuð ríki.

7. S&P 500-vísitalan er byggð á hlutabréfaverði 500 stærstu fyrirtækjanna innan stærstu atvinnugreina í Bandaríkjunum.

Tafla 3 Svæðaskipting erlendra verðbréfaeignar í árslok 2011

	Hlutabréf	Hlutdeildarskírteini	Peningabréf	Skuldabréf	Samtals	Hlutfall %
Samtals	130,7	441,6	225,2	124,5	922,0	100,0
Evrópa	62,8	311,1	123,3	108,7	605,9	65,7
Norður-Ameríka	54,1	99,1	101,7	12,0	266,9	29,0
Asía	7,4	16,2	0,0	1,1	24,7	2,7
Eyjaálfa	3,5	8,5	0,2	1,0	13,2	1,4
Suður-Ameríka	0,4	2,5	0,0	0,0	2,9	0,3
Afríka	0,1	1,5	0,0	0,0	1,6	0,2
Alþjóðastofnanir og óflokkað	2,3	2,7	0,0	1,6	6,6	0,7

Fjárhæðir eru í milljörðum króna.

2 má sjá hvernig erlend verðbréfaeign skiptist niður á nokkur lönd í árslok 2011, sundurliðað eftir flokkum verðbréfa. Árið 2011 var einnig fyrsta árið frá upphafi könnunar sem fjárfesting í hlutdeildarskírteinum var ekki mest í Lúxemborg.

Rúmlega 68% af erlendra verðbréfaeign innlendra aðila voru í 5 löndum, Bandaríkjunum, Írlandi, Lúxemborg, Bretlandi og Þýskalandi. Tafla 3 sýnir skiptingu verðbréfaeignar milli heimsálfa árið 2011. Eins og fyrr ári var stærsti hluti erlendra verðbréfaeignar innlendra aðila staðsett í Evrópu og næstmest í Norður-Ameríku. Hlutdeild Norður-Ameríku í erlendra verðbréfaeign innlendra aðila var 29% og hefur ekki verið hærri frá árinu 2002. Árið 2001 var hlutdeild Norður-Ameríku tæp 46%. Verðbréf gefin út í Bandaríkjunum voru langstærsti hluti verðbréfaeignar frá Norður-Ameríku eða um 92,5%. Verðbréfaeign í Suður-Ameríku var helst í Brasilíu og Síle, af Afríkulöndum var hlutdeild Suður-Afríku einna hæst.

Þrátt fyrir að verðbréfaeign innlendra aðila í Evrópu hafi aukist milli árána 2010 og 2011 lækkaði hlutdeild Evrópu í heildareign innlendra aðila örlítið. Norðurlöndin bættu talsvert við sig milli árána 2010 og 2011, erlend verðbréfaeign innlendra aðila á Norðurlöndunum fór úr 68,7 ma.kr. í 91,3 ma.kr. sem er tæplega þriðjung hækking.

### Fjárfesting í skuldaskjölum jókst

Árið 2010 var hlutféll, þ.e. hlutabréf og hlutdeildarskírteini, 70,8% af heildarverðbréfaeign en skuldaskjöl voru 29,2%. Árið 2011 var hlutfall hlutfjár 62,1% af heild en skuldaskjöl voru 37,9%. Milli ára jókst vægi skuldaskjala því um tæplega þriðjung.

Tafla 4 Sundurliðuð erlend verðbréfaeign innlendra aðila

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Samtals	203,7	151,0	261,1	372,8	703,7	1324,3	1903,5	1026,3	865,3	796,4	922,0
Hlutabréf	90,9	50,2	113,7	150,2	300,5	532,5	686,1	350,2	209,2	132,6	130,7
Hlutdeildarskírteini	100,3	92,3	115,8	207,8	295,5	421,6	493,7	460,2	534,6	431,4	441,6
Skuldabréf	11,7	8,4	31,2	14,8	107,7	370,0	723,7	215,8	90,2	80,5	124,5
Peningabréf	0,7	0,0	0,4	0,0	0,0	0,2	0,0	0,1	31,3	152,0	225,2

Fjárhæðir eru í milljörðum króna.

Skulda- og peningabréf eru gjarnan álitin stöðugri fjárfestingarkostur en hlutabréf, en vænt ávöxtun skulda- og peningabréfa er hins vegar yfirleitt minni. Markmið innlendra fjárfesta með erlendra fjárfestingu virðast því hafa hallast í átt að stöðugri tekjum fremur en hærri ávöxtun.

### Gjaldmiðlaskipting erlendra verðbréfaeignar


Eins og árið 2010 voru Bandaríkjadalur og evra stærstu gjaldmiðlar erlendra verðbréfaeignar innlendra aðila árið 2011. Árið 2010 var fyrsta árið sem gjaldmiðlaskipting var sérstaklega tekin fram í framkvæmd könnunar um erlenda verðbréfaeign innlendra aðila. Hlutdeild Bandaríkjadals var tæplega helmingur en hlutdeild evru var tæplega þriðjungur, saman vógu þessir gjaldmiðlar um 80%.

Tafla 5 Gjaldmiðlaskipting erlendra verðbréfaeignar í árslok 2011

	Hlutabréf	Hlutdeildarskírteini	Peningabréf	Skuldabréf	Samtals	Hlutfall %
Samtals	130,7	441,6	225,2	124,5	922,0	100
Bandaríkjadalur	69,0	254,7	101,8	20,5	446,0	48,4
Evra	11,6	126,5	100,8	52,7	291,5	31,6
Sterlingspund	14,3	7,7	7,9	11,7	41,7	4,5
Japanskt jen	2,4	13,0	0,0	0,0	15,4	1,7
Svissneskur franki	0,2	4,6	0,6	0,6	5,9	0,6
Aðrir gjaldmiðlar	33,2	35,3	14,0	39,0	121,5	13,2

Fjárhæðir eru í milljörðum króna.

Mynd 2  
Myntskipting erlendra verðbréfaeignar  
2011



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Hlutfallsleg breyting á skiptingu gjaldmiðla frá fyrra ári var lítil. Vægi japansks jens dróst örlítið saman en vægi Bandaríkjadals, evru, sterlingspunds og svissnesks franka jókst. Hlutdeild annarra gjaldmiðla en þeirra sem taldir eru upp hér að ofan minnkaði milli árána 2010 og 2011.<sup>8</sup> Meirihluti hlutfjár, þ.e. hlutdeildarskírteina og hlutabréfa, var í Bandaríkjadal og stærsti hluti erlendra verðbréfaeignar í Bandaríkjadal var í hlutdeildarskírteinum. Þrátt fyrir þessa miklu hlutdeild Bandaríkjadals í hlutdeildarskírteinum var aðeins 21,1% þeirra útgefið í Bandaríkjunum. Þetta bendir til þess að Bandaríkjadalur sé mun víðar útgáfugjaldmiðill hlutdeildarskírteina en eingöngu í Bandaríkjunum.

### Hlutdeild lífeyrissjóða dróst saman

Lífeyrissjóðirnir eru enn sem fyrr stærstu eigendur erlendra verðbréfa.<sup>9</sup> Í árslok 2011 var eign þeirra 50,9% af erlendra verðbréfaeign innlendra aðila. Árið áður áttu þeir um 58,7% af erlendra verðbréfaeign og árið 2009 var hlutfallið um 60,6%. Erlend verðbréfaeign lífeyrissjóðanna hélst þó nokkuð stöðug milli ára.

Erlend verðbréfaeign innlánsstofnana í slitameðferð jókst um 80,4 ma.kr. milli árána 2010 og 2011. Þetta skýrist meðal annars af því að miklar eignir hafa verið seldar og í staðinn fjárfest í öruggum og auðseljanlegum eignum, mestmegnis skuldabréfum og vixlum. Verkefni slitastjórnar er að koma eignum föllnu innlánsstofnunarinnar í verð og greiða andvirðið kröfuhöfum. Greiðslur til kröfuhafa innlánsstofnana í slitameðferð hafa að einhverju leyti hafist. Innlánsstofnanir í slitameðferð voru að mestu undanskildar gjaldeyrishöftum og voru því í sérstakri stöðu til að hafa áhrif á erlenda verðbréfaeign sína.<sup>10</sup> Þessu

8. Erlend verðbréfaeign var ekki sundurliðuð frekar eftir gjaldmiðlum en tekið er fram í töflu 5. Því gæti eign í ákveðnum gjaldmiðli sem ekki var tekinn fram í sundurliðuninni hafa aukist þrátt fyrir að heildareignir sem flokkast undir „Aðrir gjaldmiðlar“ hafi dregist saman.

9. Þarna eru ekki meðtaldir þeir aðilar, aðrir en lífeyrissjóðir, sem taka við viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnaði.

10. Sjá lög nr. 127/2011.

Tafla 6 Hlutdeild fjárfesta í erlendra verðbréfaeign

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Samtals	203,7	151,0	261,1	372,8	703,7	1324,3	1903,5	1026,3	865,3	796,4	922,0
Lífeyrissjóðir	128,3	100,1	149,4	215,7	299,6	425,8	444,1	458,9	524,3	467,7	468,9
Innlánsstofnanir í slitameðferð								182,1	75,9	181,0	261,4
Innlánsstofnanir	9,6	8,4	25,6	47,5	222,6	437,7	879,1	65,7	44,1	46,6	84,8
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	16,9	6,6	15,1	10,1	24,5	42,6	54,8	24,2	26,2	23,3	24,7
Tryggingafélög	2,7	4,0	4,4	3,7	8,4	11,2	12,0	7,2	10,3	9,9	13,5
Aðrir	46,2	32,1	67,0	96,0	148,6	407,1	513,6	288,2	184,6	68,1	68,7


Í flokknum Innlánsstofnanir slitameðferð eru allar innlánsstofnanir sem eru í forsjá slitastjórna sem ráðstafa eignum þeirra og greiða andvirðið til kröfuhafa. Fjárhæðir eru í milljörðum króna.

var hins vegar breytt 13. mars 2012 svo að geta þeirra til að versla með erlend verðbréf hefur verið takmörkuð.<sup>11</sup>

Erlend verðbréfaeign innlánsstofnana jókst um 82,2% frá árslokum 2010 og voru þær þriðji stærsti hópur innlendra fjárfesta í erlendum verðbréfum. Þar á eftir komu tryggingafélög og rekstrarfélög verðbréfasjóða.

Í töflu 6 er erlend verðbréfaeign innlendra aðila sundurliðuð eftir fjárfestum. Í fyrsta skipti frá upphafi könnunarinnar hefur flokkurinn „Aðrir“ verið sundurliðuður nánar. Í töflu 7 sést sundurliðun flokksins í heimili, aðra atvinnustarfsemi, ýmis fjármálafyrirtæki og hið opinbera. Heimili eru skilgreind sem lítill hópur fólks sem deilir húsnæði og tekjum sínum og stundar ákveðna samneyslu.<sup>12</sup> Gögn fyrir heimili og aðra atvinnustarfsemi voru fengin frá innlendum vörsluaðilum, sem annast fjárfestingu þeirra. Könnunin náði ekki til aðila í þessum flokki sem eru með verðbréf í fjárvörslu hjá erlendum vörsluaðilum og því gæti fjárfesting þessara aðila verið hærri en hér kemur fram.

Vegna eðlis lífeyrissjóða, þ.e. að taka við iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna aldurs til æviloka er fjárfestingarþörf þeirra frábrugðin þörf annarra fjárfesta. Lífeyrissjóðir vilja fremur stöðuga og örugga ávöxtun á eignir sínar en óreglulega og breytilega, enda þurfa þeir að standa straum af reglulegum útgjöldum og sjá til þess að ávöxtun sé yfir ákveðnu lágmarki. Þetta sést greinilega ef skoðað er vægi hlutdeildarskírteina í erlendra verðbréfaeign lífeyrissjóðanna en vægi þeirra var

Mynd 3  
Hlutdeild fjárfesta í erlendra verðbréfaeign 2011

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 7 Erlend verðbréfaeign sundurliðuð eftir fjárfestum og tegund eignar í árslok 2011

	Hlutabréf	Hlutdeildarskírteini	Skammtíma-skuldaskjöl	Langtíma-skuldaskjöl	Samtals	Hlutfall %
Samtals	130,7	441,6	225,2	124,5	922,0	100,0
Lífeyrissjóðir	78,5	379,8	2,1	8,5	468,9	50,9
Innlánsstofnanir í slitameðferð	18,8	2,4	140,6	99,6	261,4	28,3
Innlánsstofnanir	1,6	2,0	78,2	3,0	84,8	9,2
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	3,8	17,8	0,0	3,2	24,7	2,7
Tryggingafélög	1,1	6,9	1,8	3,7	13,5	1,5
Heimili	8,0	6,3	1,2	2,3	17,7	1,9
Önnur atvinnustarfsemi	18,2	26,4	1,3	4,3	50,2	5,4
Ýmis fjármálafyrirtæki	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Hið opinbera	0,7	0,0	0,0	0,0	0,7	0,1

Fjárhæðir eru í milljörðum króna.

11. Sjá lög nr. 17/2012.

12. Skilgreining IMF á heimilum í annarri útgáfu Coordinated Portfolio Investment Survey Guide frá árinu 2002, grein 3.49.

Tafla 8 Landaskipting erlendra verðbréfaeignar sundurliðuð eftir fjárfestum í árslok 2011

	Lífeyrissjóðir	Innlánsstofnanir í slitameðferð	Innlánsstofnanir	Rekstrarfélög verðbréfasjóða	Tryggingafélög	Aðrir
Samtals	468,9	261,4	84,8	24,7	13,5	68,7
Bandaríkin	129,5	56,3	43,8	3,7	4,4	9,2
Írland	91,9	3,9	1,2	1,0	0,7	8,8
Bretland	38,8	45,0	0,1	5,5	2,3	6,3
Lúxemborg	78,3	0,0	0,1	3,7	2,0	15,7
Þýskaland	8,1	40,0	24,8	1,1	0,4	1,5
Holland	16,6	32,2	3,2	0,5	0,3	0,0
Noregur	8,1	30,1	2,1	1,0	1,1	9,1
Frakkland	16,8	20,5	1,6	2,0	0,6	0,6
Kanada	5,8	10,9	0,0	0,0	0,2	0,8
Danmörk	2,1	6,5	3,6	0,8	0,0	2,4
Svíþjóð	2,6	3,7	0,0	0,4	0,3	6,3
Japan	11,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Guernsey	9,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,7
Sviss	8,4	0,0	0,1	0,0	0,0	0,7
Jersey	3,5	0,0	0,0	1,7	0,0	3,7
Önnur lönd	37,4	12,4	4,2	3,4	1,1	2,9

Fjárhæðir eru í milljórum króna.

81% í árslok 2011. Fjárfesting innlánsstofnana í slitameðferð samanstóð að stærstum hluta af skuldaskjöllum enda sækjast innlánsstofnanir í slitameðferð eftir öruggum og auðseljanlegum eignum til þess að geta greitt kröfuhöfum.

Lífeyrissjóðir stóðu að baki stærstum hluta fjárfestingar í nokkrum löndum. Útgáfa hlutdeildarskírteina er mikil í Lúxemborg og hlutdeildarskírteini hafa mikið vægi innan erlendra verðbréfaeignar lífeyrissjóðanna. Úr töflu 8 má lesa að 86% af erlendri verðbréfaeign í Lúxemborg er í eigu lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir eiga stóran hluta erlendra verðbréfa innlendra aðila í mörgum öðrum löndum, t.d. Japan og Sviss.

## Aðferðafræði og aðrar upplýsingar

### Verðbréfaeign

Til verðbréfaeignar teljast skuldaskjöl og hlutafé. Skuldaskjöl skiptast í skuldabréf, en það eru skuldaskjöl sem eru útgefin til lengri tíma en 1 árs, og peningabréf sem eru útgefin til skemmri tíma en 1 árs. Til hlutafjár teljast hlutabréf, en aðeins þar sem fjárfesting er undir 10% af hlutafé fyrirtækis (telst annars til beinnar fjárfestingar), og hlutdeildarskírteini. Hlutdeildarskírteini eru fjárfesting í verðbréfasjóðum (e. mutual funds) og í öðrum sjóðum eins og framtaks- eða vogunarsjóðum. Slík fjárfesting í sjóðum telst þó til beinnar fjárfestingar fari eignarhlutur upp fyrir 10% líkt og með hlutabréfin.

Í könnuninni tóku þátt innlánsstofnanir, lána- og verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, rekstrarfélög verðbréfasjóða, innlendir eignastýringar- og fjárvörsluaðilar, ásamt öðrum stórum fjárfestum sem geyma verðbréf sín hjá erlendum vörsluaðilum. Könnunin nær því ekki til heimila og minni fyrirtækja sem varðveita verðbréf sín hjá erlendum aðilum.

Allar fjárhæðir miðast við árslok og er verðbréfaeignin færð til bókar á markaðsvirði. Landaskipting miðast eingöngu við lögheimili útgefanda þannig að verðbréf útgefin af innlendum aðila erlendis



teljast t.d. til innlendra verðbréfa. Afleiðusamningar eru ekki í þessum tölum og skortstöður færast sem neikvæð eign viðkomandi aðila.

Fram til október 2008 voru engar takmarkanir á flæði fjármagns til eða frá Íslandi né milli innlendra og erlendra aðila. Frá október til nóvemberloka 2008 voru í gildi takmarkanir á notkun gjaldeyris sem hömluðu fjárfestingu í erlendum verðbréfum. Í lok nóvember 2008 voru sett lög og reglur sem hamla fjárfestingu í erlendum verðbréfum nema fyrir söluandvirði af öðrum erlendum eignum, en þó aðeins þegar um er að ræða eignir sem höfðu verið í eigu viðkomandi aðila fyrir setningu laganna.<sup>13</sup> Heimilt er þó að ávaxta andvirði vaxtatekna og arðgreiðslna erlendis. Frávik eru frá þessum reglum í einstaka tilfellum og er vísað til laga og reglna varðandi slíkt.

---

13. Löggin má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.althingi.is/alttext/136/s/pdf/0238.pdf>.